

Nd.

261. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir haft til athugunar og meðferðar framkomin frv. um breyting á vegalögum, á þskj. 16 og 18, sem til hennar hefir verið vísað, svo og allar breytingartillögur, sem fyrir liggja frá einstökum hv. þingmönnum. Hefir hún einnig átt nokkra fundi um þessi mál með vegamálastjóra og í samráði við hann komið að þeirri niðurstöðu, að réttmætt væri nú að taka í tölu þjóðvega ýmsa vegi hér og þar um landið, og eru þeir flestir innifaldir í umgetnum tillögum. Þó þykir ekki kleift að svo vöxnu máli að taka upp alla þá vegi eða vegarspotta, sem hv. þm. hafa gert tillögur um, enda verður að sjálfsögðu að vera á þessu eitthvert hóf, því að nauðsynin er alls ekki alstaðar jafnrik. En á hverjum stað eða í hverju því héraði, sem tillögur hafa komið fram um að bæta vegum í þjóðvegatölu, hefir nefndin gert einhverja úrlausn, svo sem sjá má á því, sem hér fer á eftir.

Væntir nefndin því þess, að í þessu máli verði tillögur hennar samþykktar af af hv. deild, og ekki aðrar eða fleiri tillögur. En eins og ráða má af framangreindu, hefir nefndin ekki treyst sér til að mæla með nokkrum þeim tillögum, sem vegamálastjóri hefir eigi getað samþykkt, og verður það að heita sjálfsögð regla.

Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að frv. á þskj. 16 verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM.

Frumvarpsgr. verði þannig:

2. gr. laganna breytist á þessa leið:

I. Á eftir A. 3 bætast nýir liðir:

- a. *Sogsvegur*: Frá Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú, hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn að Geysisvegi.
- b. *Grafningsvegur*: Frá Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, sunnan Þingvallavatns og hjá Úlfljótsvatni að Sogsvegi nálægt Ljósafossi.
- c. *Skálholtsvegur*: Frá Skeiðavegi nálægt Sandlæk yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.

II. Á eftir A. 13 bætast inn nýir liðir:

- a. *Grindavíkurvegur*: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
- b. *Garðskagavegur*: Af Reykjanesbraut nálægt Sandgerði að Garðskagavita.

- III. Á eftir A. 16 bætast inn nýir liðir:
- a. *Miðeyjarvegur*: Frá Suðurlandsvegi í Landeyjum vestan Ála, um Miðey, Lágafell, Skíðbakka að Affalli ofan Úlfsstaðahverfis.
 - b. *Dyrhólavegur*: Frá Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsalí að Dyrhólaey.
 - c. *Melatangavegur*: Frá vegamótum á Heinabergsaurum á Mýrum um Flatey til Melatanga, gegnt Hafnarkauptúni í Hornafirði.
- IV. Á eftir B. 5 bætist nýr liður:
- Bæjarsveitarvegur*: Frá Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, nálægt Kleppjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi.
- V. Á eftir B. 6 bætist nýr liður:
- Eyrarsveitarvegur*: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit og Eyrarsveit að Gröf í Grundarfirði.
- VI. Á eftir B. 13 bætast nýir liðir:
- a. *Súðavíkurvegur*: Frá Vestfjarðavegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði, um Arnardal til Súðavíkur.
 - b. *Flateyjarvegur*: Frá Vestfjarðavegi hjá Breiðadal í Önundarfirði til Flateyjar.
 - c. *Tálknafjarðarvegur*: Af Vestfjarðavegi norðan Tálknafjarðar að Sveinsyri.
 - d. *Brjánslækjarvegur*: Frá Haga á Barðaströnd að Brjánslæk.
- VII. Á eftir C. 1 bætist nýr liður:
- Reykjaskólavegur*: Frá Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrutafirði að Reykjaskóla.
- VIII. Á eftir C. 6 bætist nýr liður:
- Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur*: Frá Skagastrandarvegi utan við Laxá um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
- IX. Á eftir C. 10 bætist nýr liður:
- Hólavegur*: Frá Hofsóssvegi að Hólum í Hjaltadal.
- X. Á eftir C. 12 bætast nýir liðir:
- a. *Hjalteyjarvegur*: Frá Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyjar.
 - b. *Grenjaðarstaðarvegur*: Frá Norðurlandsvegi í Aðaldal, yfir Laxárbrýr hjá Grenjaðarstað.
- XI. Á eftir C. 15 komi nýr liður:
- Axarfjarðarheiðarvegur*: Frá Kópaskersvegi hjá Klifshaga um Hrauntanga, að Raufarhafnarvegi hjá Svalbarði.
- XII. Á eftir D. 10 komi nýir liðir:
- a. *Skógavegur*: Frá Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga til Hallormsstaðar.
 - b. *Breiðdalsvíkurvegur*: Frá Austurlandsvegi hjá Eyðölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.

Alþingi, 29. marz 1940.

Gísli Sveinsson, Vilni. Jónsson, Skúli Guðmundsson.
form., frsm. fundaskr.
Eiríkur Einarsson, Helgi Jónasson.